



Lúxemborg, 5. mars 2025

FRÉTTATILKYNNING 03/2025

Dómur í máli E-13/24 *Friends of the Earth Norway o.fl. gegn norska ríkinu*

BRÝNIR ALMANNAHAGSMUNIR Í SKILNINGI VATNATILSKIPUNARINNAR

Með dómi sem kveðinn var upp í dag veitti EFTA-dómstóllinn ráðgefandi álit um spurningar frá áfrýjunardómstóli Borgarting (*Borgarting lagmannsrett*) varðandi túlkun hugtaksins „brýnir almannahagsmunir“ í skilningi c-liðar 7. mgr. 4. gr. vatnatilskipunarinnar¹ („tilskipunin“). Í málinu sem er til meðferðar hjá áfrýjunardómstólnum halda Friends of the Earth Norway o.fl. því fram að leyfi, sem norsk stjórnvöld veittu til námuvinnslu og förgunar námuúrgangs í Fórdefjord, sé ólöglegt þar sem það standist ekki kröfur tilskipunarinnar. Norska ríkið heldur því hins vegar fram að leyfið sé réttlætlegt á grundvelli undantekningarreglunnar um „brýna almannahagsmuni“, með skírskotun til efnahagslegs ávinnings, aukna atvinnusköpun og nauðsyn þess að tryggður sé aðgangur að mikilvægum jarðefnum.

Í meginatriðum spurði áfrýjunardómstóllinn að því hvaða atriði gætu réttlætt undanþágu frá umhverfismarkmiðum tilskipunarinnar á grundvelli brýnna almannahagsmuna í skilningi c-liðar 7. mgr. 4. gr. tilskipunarinnar og/eða hvort hugtakið feli í sér kröfu um vega saman annars vegar sjónarmið um almannahagsmuni og hins vegar þau umhverfismarkmið sem kveðið er á um í tilskipuninni.

EFTA-dómstóllinn taldi að c-liður 7. mgr. 4. gr. tilskipunarinnar fæli í sér að meta þyrfti þá hagsmuni sem ættu við í hverju tilviki fyrir sig, svo hægt væri að skera úr um hvort til staðar væru brýnir almannahagsmunir, en almannahagsmunir þyrftu að vega þyngra en þau umhverfismarkmið er eiga að varna hnignun á stöðu vatnshlots. Meta þarf í hverju tilviki fyrir sig hvaða þættir skipta máli þegar ákvarða þarf hvort brýnir almannahagsmunir séu til staðar.

EFTA-dómstóllinn komst að því að hreinar efnahagslegar ástæður, svo sem efling þjóðarbús, teldust ekki réttlætningar í skilningi 7. mgr. 4. gr. tilskipunarinnar. Jafnframt taldi hann að fjármagnstekjur, laun eða hagnaður af skattheimtu teldist ekki til brýnna almannahagsmuna, né heldur atvinnusköpun einkaaðila. Þættir sem tengjast fólksfækkun eða skorti af félagslegum toga á ákveðnum svæðum gæti á hinn bóginn hugsanlega talist til réttlætningarástæðna. Varðandi mikilvæg jarðefni taldi EFTA-dómstóllinn að það að tryggja framboð þess innan EES, gæti við vissar aðstæður, talist til brýnna almannahagsmuna.

Mál þetta mun nú fara aftur fyrir áfrýjunardómstól Borgarting sem mun dæma í málinu í ljósi túlkunar EFTA-dómstólsins á tilskipuninni.

Dóminn í heild sinni er að finna á vefslóð EFTA-dómstólsins: eftacourt.int/cases/e-1324/

Fréttatilkynning þessi er ekki opinbert skjal. Dómurinn sjálfur gildir.

¹ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/60/EB frá 23. október 2000 um aðgerðaramma Bandalagsins um stefnu í vatnsmálum.